


DEILISKIPULAG MKV. 1 : 2000 Auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 20.3.2014.




Tillaga að breytingu á deiliskipulagi 1.3.2024. Mkv. 1:2000.

Skýringar:

- Mörk skipulagssvæðis
- Byggingarreitir
- Lóðamörk
- Núverandi byggingar
- Fyrirhugaðar byggingar
- Vegir
- Fornminjar (Ey-118:015)
- Rotþró (R)

Skýringar

Greinargerð

Deiliskipulagið tekur til hluta úr landi Tjarnar í Svarfaðardal efst í ræktuðu landi ofan þjóðvegar. Í gildi er aðalskipulag fyrir Dalvíkurbyggð 2008 -2020. Gerð hefur verið breyting á aðalskipulagi sem gerir ráð fyrir frístundabyggð í landi Tjarnar, Gullbringa 624-F., í samræmi áætlanir sveitarfélagsins um stærð frístundasvæða og uppbyggingu þeirra.

Breyting á deiliskipulagi frá 2014.

Breytingin felur í sér skiptingu miðlóðarinnar í tvær jafnstórar lóðir. Lóðirnar verða þá allar jafn stórar, 5217 m². Gert er ráð fyrir bílastæðum innan hverrar lóðar til eigin nota. Kvöð er um sameiginlega umferð og aðkomu um lóðir. Hornpunktar lóðanna hafa verið hnitsettir. Innan lóðar Gullbringu er Arngrímsstofa á sérstakri lóð 29,4 m². Aðkoma að Arngrímsstofu er að austanverðu um stíg frá bílastæði við Gullbringu. Kvöð er um aðkomu gesta gangandi að Arngrímsstofu.

Hús og lóðir.

Innan hverrar lóðar eru sýndir byggingarreitir. Fimm reitir eru fyrir frístundahús merktir F1 - F5 á uppdrætti. Reitir F1, F2 og F5 eru um núverandi hús en reitir F3 og F4 eru fyrir ný hús. Á hverjum reit má byggja allt að 150 m² í einni eða fleiri byggingum. Reitirnir eru misstórir, minnst 300 m² en mest 500 m². Byggingarreitir eru einnig sýndir fyrir geymsluhús, þar sem byggja má allt að 40 m² geymsluhús inn hvers reits. Allar byggingar skulu vera á einni hæð með lágu risi, mænir skal snúa í aðalatriðum n-s. Gert er ráð fyrir timbri eða bárujárni á veggjum og bárujárni, þakpappa eða torfi á þökum.

Breytingar á deiliskipulagi.

Breytingar á deiliskipulagi 1.3.2024 frá deilsikipulagi 2014 felast í skiptingu miðlóðar og stækkun byggingarreits á lóð Bringu. Núverandi byggingar hafa verið færðar inn á uppdráttinn.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi var samþykkt í skipulagsráði þann ______________________

______________________________
sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar

Gildistaka deiliskipulagsins var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann ______________________

______________________________

# GULLBRINGA

DEILISKIPULAG FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ
Í LANDI TJARNAR Í SVARFAÐARDAL

Tillaga að breytingu á byggingarreitum 1.3 2024

Kvarði 1:2000 í blaðstærð A2 21. mars 2014


ARGOS ehf. ARKITEKTASTOFA GRÉTARS OG STEFÁNS
Eyjarslóð 9, 101 Reykjavík

______________________________
Stefán Örn Stefánsson arkitekt faí, kt.: 140147 - 4519

______________________________
Grétar Markússon arkitekt faí, kt.: 270852 - 4169